

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 19. september 2012, kl. 10:00 í Borgartúni 30.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Inga Ósk Jónsdóttir, Halla Margrét Tryggvadóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Röðun þroskaþjálfara í Garðabæ í launaflokka, framhalda frá síðasta fundi

Sveitarfélagið hefur samþykkt að raða viðkomandi tímabundið sem þroskaþjálfari 2 þar til nýr yfirþroskaþjálfari verður ráðin til starfa. Þí telur stafsmaðurinn eiga að áfram að raðast samkvæmt starfaskilgreiningunni þroskaþjálfari 2 enda sé starfssvið hennar og starfslýsing óbreytt og falli að starfaskilgreiningunni, þroskaþjálfari 2.

Niðurstaða:

Miðað við starfslýsingu sem er samþykkt af yfirmanni fellur starfið að starfaskilgreiningu Þroskaþjálfara 2 og ber því að launasetja starfsmann í samræmi við það án tillits til þess hvort yfirþroskaþjálfari verði ráðinn á starfsstöðina eða ekki.

2. Röðun þroskaþjálfara í Hafnafirði , framhald frá síðasta fundi

Starfsmaður hefur fengið greidd laun samkvæmt starfaskilgreiningunni, þroskaþjálfari 1 frá gildistöku síðustu kjarasamninga. Þann 1. júní s.l. voru laun leiðrétt og frá þeim tíma voru laun greidd samkvæmt starfaskilgreiningunni, þroskaþjálfari 2. Félagið telur að leiðrétt eigi röðun viðkomandi frá gildistíma kjarasamningsins þar sem starfslýsing eigi við þá starfaskilgreiningu. Starfslýsing hefur verið óbreytt frá ágúst 2009.

Niðurstaða:

Miðað við starfslýsingu sem ekki hefur verið mótmælt að gilt hafi frá gildistöku kjarasamningsins 1. júní 2011 ber að raða starfinu í samræmi við starfaskilgreiningu þroskaþjálfara 2 frá 1. júní 2011.